

**Nd.**

**608. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um almenna hjálp vegna dýrtíðarinnar.

Frá bjargráðanefndinni.

1. Við 1. gr. Síðari setning fyrri málsgr. orðist þannig:  
Lánin standi vaxta og afborganalaus, þar til 2 ár eru liðin frá ófriðar-  
lokum, en endurgreiðast á næstu 10 árum frá þeim tíma.

2. Aftan við 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

2. gr.

Ef nauðsyn krefur, skal landsstjórninni heimilt að veita lán samkv. 1. gr. í vörum með sömu kjörum, sem þar segir.

3. Við 2. gr., sem verður 3. gr.:

Í stað orðanna: »byggingu hafna, vita, brúa og vega« komi:  
hafnargerðir, vita, brýr og vegi.

4. Við 3. gr., sem verður 4. gr.:

Greinin orðist svo:

Nú veita hreppsfjelög eða kaupstaðir einstökum mönnum lán, þeim til framfæris, eftir 15. sept. 1917 og þar til 3 mánuðum eftir ófriðarlok, og skulu þau lán eigi talin sveitarstyrkur.

Lög þessi raska eigi gildandi ákvæðum laga um skifti hreppa á meðal um endurgreiðslu framlaga, er maður fær af dvalarsveit sinni.